

skrifstofan skrifstofan skrifstofan

Við flytjum í Austurstræti

Nú hillir undir breytingar á högum okkar hér á skrifstofum Kvinnalistas og Veru. Við erum búna að festa okkur nýtt húsnæði á 3. hæð í gamla Reykjavíkurapóteki og flytjum á bilinu 1. júní - 1. ágúst. Að sjálfsögðu er lyfta í húsinu og þess má einnig geta að salernisaðstaðan er glæsileg — á okkar mælikvarða að minnsta kosti. Um er að ræða 3 skrifstofuherbergi og eitt nokkuð stórt herbergi þar sem við getum haldið félagsfundi. Einsog nærri má geta eru þetta ákaflega falleg herbergi og gluggarnir eru ekki sístir en þeir snúa út að Austurvelli. Uppi á 5. hæð er svo mjög stór salur, gamli Frímúrarasalurinn og hann komum við til með að geta leigt undir stærri fundi og málþing. Svo er þingflokkurinn ekki langt undan, hinumegin við götuna. Þetta hefur átt sér nokkuð langan aðdraganda en fyrstu umleitanir fóru fram í lok síðasta sumars. Háskóli Íslands er leigusalinn og nánustu nágrennar okkar verða starfsfólk Barnaverndarstofu Íslands.

Við búum okkur undir mikla undirbúningsvinnu í tengslum við flutningana því eignirnar eru töluverðar, aðallega pappírar og þessháttar.

Laugardagsmorgnar

Laugardagsmorgnarnir hafa að undanförmu verið nýttir til að ræða einstök mál sem verið hafa til umræðu á þingi. Fundirnir hafa verið gagnlegir, sérstaklega fyrir þingflokkinn en þetta er besta leiðin sem við höfum svona hversdags til að styðja við bakið á þingkonunum okkar.

Þann 30. mars var rætt um tæknifrjövgun, 13. apríl var breytt útaf áður auglýstri dagskrá og fjármagnstekjuskatturinn ræddur og 20. apríl voru vinnumarkaðurinn og framhaldsskólinn á dagskrá. Þessu munum við halda áfram, a.m.k. þar til þinginu lýkur. Fylgist með samlesnum auglýsingum RÚV á föstudagskvöldum. Við höfum notað tímana í kringum kvöldfréttir eða kl. 18:00, 19:00 eða 19:30, efur því hvar við höfum fengið inni í það og það skiptið.

Einsog áður hefur komið fram hér í fréttabréfinu er þetta vettvangur sem opin er öllum Kvinnalistanum. Ef þú ert t.d. fulltrúi í nefnd og langar til að heyra álit systra þinna í Kvinnalistanum á þeim málaflökki sem þú ert að fást við hafðu þá samband við skrifstofuna og við finnum í sameiningu góðan laugardag til að ræða málin.